

Alþingi
vt. Nefndasvið Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

18. febrúar 2014
Tilvísun: 2013110039/10.4

Efni: Viðbótarumsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit), 168. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til funda efnahags- og viðskiptanefndar þann 6. desember 2013 og hinn 10. febrúar 2014, umsagna frá Samtökum Fjármálafyrirtækja dags. 4. desember 2013 og 24. janúar 2014 auk annarra innsendra erinda er varða frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit), 168. mál.

Sjónarmið Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

I. Fjöldi varamanna

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við ábendingu Samtaka Fjármálafyrirtækja um fjölda skipaðra varamanna, þ.e. að ákvæði 2. málslíðs 1. mgr. 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi kveði á um að „Kjósa skal minnst tvo varamenn“ í stað „Kjósa skal jafnmarga varamenn“.

II. Krossstjórnarseta, skipan stjórna dóttur og systurfélaga

Líkt og áður hefur komið fram og reifað er ítarlega í erindi Samtaka Fjármálafyrirtækja, er kveðið á um í 5. mgr. 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi að stjórnarmenn í váttryggingafélagi eða öðrum eftirlitsskyldum aðila mega ekki eiga sæti í stjórn annars váttryggingafélags eða félags í nánnum tengslum við það né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars váttryggingafélags eða tengdra aðila. Starfsmönnum váttryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi váttryggingafélags. Í 6. mgr. sama lagaákvæðis er veitt undanþága frá framangreindri meginreglu á þann veg að stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags eða fjármálafyrirtækis getur tekið sæti í stjórn annars váttryggingafélags, fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu váttryggingafélagsins eða félag sem er að hluta eða öllu leiti í eigu félags með yferráð í váttryggingafélaginu. Stjórnarseta samkvæmt málsgreininni skal háð því að hún skapi ekki að mati Fjármálaeftirlitsins hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.

Að framangreindu virtu er ljóst að meginreglan er bann við því að stjórnarmenn sitji í stjórn annars eftirlitsskylds aðila (krossstjórnarsetu) þrátt fyrir að undanþáguheimild sé til staðar. Þess má geta að sambærileg undanþágu ákvæði er að finna í ákvæði 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, og hefur undanþáguheimildin verið túlkuð þröngt.

Í þeirri framkvæmd sem mótast hefur hjá skaða- og líftryggingarfélögum hérlendis hefur umrædd undanþáguheimild hins vegar verið notuð sem meginregla en ekki undanþága, þ.e.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

að algengast er að allir stjórnarmenn líftryggingafélaganna séu jafnframt stjórnarmenn eða starfsmenn skaðatryggingafélagsins/móðurfélagsins. Reynt hefur verið að sporna við þeirri þróun af hálfu Fjármálaeftirlitsins og sendi stofnunin dreifibréf til félaganna í janúar 2013 þar sem það sjónarmið kom fram að núverandi skipun mála væri að mati Fjármálaeftirlitsins ekki í samræmi við meginreglu 5. mgr. 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Aukinheldur er það sjónarmið Fjármálaeftirlitsins að við mat á hagsmunaárekstrum samkvæmt áður nefndri 6. mgr. 54. gr. sé litið svo að þegar meirihluti stjórnar váttryggingafélags er skipuð stjórnarmönnum eða starfsmönnum annars váttryggingafélags sem er móðurfélag þess fyrrnefnda sé aukin hættu á hagsmunaárekstrum. Þá geti sú staða mögulega leitt til þess að stjórn váttryggingafélags verði ekki ályktunarbær m.a. vegna ákvæðis 72. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Engin viðbrögð urðu við framangreindu dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins og ekki var vikið frá framkvæmd við skipun stjórnar líftryggingafélaganna í kjölfar þess.

Í því samhengi sem hér ræðir ber jafnframt að nefna að nánast allri starfsemi líftryggingafélaganna er útvistað til móðurfélagsins sem telja verður að geri þörfina brýnni en ella að tryggja óhæði stjórnar. Líkt og gefur að skilja felur stjórnendaeftirlit stjórnarmanna líftryggingafélags því oftast en ekki í sér eftirlit með viðskiptum við móðurfélagið, þar sem viðkomandi stjórnarmenn sitja einnig í stjórn eða eiga í ráðningarsambandi við. Ekki verður séð af hálfu Fjármálaeftirlitsins hvernig hægt sé að tryggja virkt stjórnendaeftirlit og takmarka hagsmunaárekstra á meðan núverandi fyrirkomulag er við líði og án þess að óháðir aðilar skipi meirihluta stjórnna félaganna.

Því verður ekki neitað af hálfu Fjármálaeftirlitsins að oft fara hagsmunir félaganna, þ.e. skaðatryggingafélagsins og líftryggingafélagsins, saman og að ákveðið hagræði geti skapast við að samnýta bæði starfsfólk og stjórnarmenn. Að því sögðu verður þó að taka tillit til þess að eðlismunur er á rekstri skaða- og líftryggingafélaga þegar kemur að m.a. fjárfestingarstefnu og áhættustýringu og ekki er ljóst að hagsmunir móður og dótturfélaga fari ávalt saman, sér í lagi á jafn afmörkuðum markaði og héraendis þar sem fjárfestingartækifæri eru að mörgu leyti takmörkuð. Ennfremur verður að telja þó svo hagsmunir félaganna fari að einhverju leyti saman sé ávalt vafi um ályktunarbærni stjórnar þegar kemur að viðskiptum milli félaganna, þegar umrædd stjórn situr beggja vegna borðsins. Við þær aðstæður sem að framan er lýst, telur Fjármálaeftirlitið aukna hættu á viðvarandi hagsmunaárekstrum og skorti á ályktunarbærni sem er ekki til þess fallið að auka gagnsæi eða trúverðugleika, hvorki gagnvart markaðnum né váttryggingatökum.

Þá má geta þess að sambærileg krafa er um skipan stjórnar rekstrarfélaga, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingsjóði en þar segir að stjórnarmaður í rekstrarfélagi megi ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis. Í frumvarpi því er varð að framangreindum lögum er að finna nokkuð ítarlega umfjöllun um nauðsyn þess að í stjórn rekstrarfélags sitji aðilar sem eru óháðir móðurfélagi eða vörslufyrirtæki. Þau sjónarmið sem þar koma fram eiga með sama hætti við um óhæði stjórnar í líftryggingafélagi, sé það dótturfélag annars váttryggingafélags, líkt og algengast er á íslenska váttryggingamarkaðnum. Tilvísun til umfjöllunar í því frumvarpi á því vel við enda þótt skaðatryggingafélög og líftryggingafélög séu ekki í samkeppni sína á milli, líkt og getur átt við um rekstrarfélag og móðurfélag þess eða vörslufélag.

Hvað varðar tillögu Samtaka Fjármálaafyrirtækja um breytingu á efnismálgrein b. liðar 16. gr. frumvarpsins, sbr. viðbótarumsögn dags. 24. janúar 2014, telur Fjármálaeftirlitið umrædda breytingu ekki til þess fallna að koma í veg fyrir krossstjórnarsetu og þeim hagsmunaárekstrum sem upp geta komið hjá skaða- og líftryggingafélögum hér á landi. Umrædd breyting myndi ekki koma í veg fyrir núverandi framkvæmd sem ákvæðinu er ætlað að sporna við. Fjármálaeftirlitið ítrekar þá afstöðu sína að áriðandi sé að ákvæði 6. mgr. 16. gr. fyrirliggjandi frumvarps nái fram að ganga óbreytt enda sé því ætlað að tryggja og treysta



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

trúverðugleika og óhæði á váttryggingamarkaði. Fjármálaeftirlitið tekur því undir þá afstöðu er fram kom í nefndaráli efnahags- og viðskiptanefndar dags. 16. desember 2013, hvað ákvæði b. lið 16. gr. frumvarpsins varðar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ragnheiður Morgan Sig.
Ragnheiður Morgan Sigurðardóttir